

MOSFELLINGUR

12. tbl. 8. árg. föstudagur 2. október 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Telma Rut og Kristján Helgi stunda bæði karate

ÍPRÓTTAMENN AFTURELDINGAR

Uppskeruhátíð Aftureldingar fór fram laugardaginn 26. október. Telma Rut Frímansdóttir og Kristján Helgi Carrasco voru kjörin íþróttakona og íþróttakarl Aftureldingar 2009. Þau iðka bæði karate með Aftureldingu og hafa hvort um sig unnið fleiri en einn Íslandsmeistararitil á árinu. Þau hafa bæði verið valin í landslið Íslands í karate. Auk þess að eiga framtíð fyrir sér í karate er Telma Rut afrekskona í handknattleik og Kristján Helgi í blaki.

ÍPRÓTTIR » 12

Mynd/Hilmar

EIGN VIKUNNAR

Lindarbyggð - Parhús




**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Vel skipulagt 177,1 m² parhús með bílskýli við Lindarbyggð. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kari. Búið er að loka bílskýli og innrétta herbergi. Lækkað verð! **V. 35,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080

Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördis Kvaran Einarasdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 23. okt.

Hreppir Mosfellsbær hnossið?

Mosfellsbær þykir koma sterklega til greina undir einka-sjúkrahús á vegum fyrirtækisins PrimaCare. Nálægð við náttúruna og fallett umhverfi er það sem



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Ráðamenn í ríkisstjórn eru kannski ekki jafn spennir fyrir þessu og við Mosfellingar. Vinstri menn hafa aldrei verið mjög hlynntir einkaframkvæmdum. En meðan framkvæmdin er rekin án ábyrgðar ríkissjóðs og skattgreiðenda ætti hún að vera gjaldeyrisaflandi fyrir land og þjóð og æskileg viðbót við heilbrigðiskerfið. Við eigum að nýta okkur það að vera á milli stærstu markaðssvæða í heimi og flytja inn sjúklinga og helst að láta þá greiða niður og bæta heilbrigðiskerfi okkar í leiðinni. Ekki var starfandi heilbrigðisráðherra í landinu þegar blaðið fór í prentun.



Kjulli frá
Ísfugli
längflettastur

www.isfugl.is



Fremri röð: Guðlaug Þorfinnsdóttir í Baldurshaga, Sæunn Jónsdóttir frá Helgadal, Lárus Halldórsson skólastjóri, Ragnheiður Ásgeirsdóttir á Reykjum, Sigríður Sigurjónsdóttir á Álafossi. **Aftari röð:** Héðinn Sveinsson í Leirvogstungu, Marta Nielsdóttir á Helgafelli, Oddný Helgadóttir á Reykjahvoli, Kristín Ásmundsdóttir í Bringum, Karítas Guðmundsdóttir í Drift, Jósefína Ólafsdóttir úr Rvk, þáverandi á Blikastöðum, Margrét Jónasdóttir í Gufunesi, Rósa Björnsdóttir í Elliðakoti, Sverrir Jónsson í Helgadal, Pétur Guðlaugsson á Minna-Mosfelli.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Í tilefni af því að skólastarf er hafið að nýju í Brúarlandi verða í næstu blöðum birtar nokkrar myndir tengdar sögu hússins. Ekki fékkst fjármagn til að byggja nema kjallara Brúarlands í byrjun en í honum hófst kennsla 5. desember 1922 í kennslustofunni sem seinna var ævinlega kölluð Klörustofa eftir Klöru Klængsdóttur sem var kennari við skólann um langt árabil. Ekki var mikil reisin yfir Brúarlandi næstu árin og sendu Kjalnesingar nágrönnum sínum tóninn með þessari vísu:

*Hús er byggt við héraðsbraut
hreppur Mosfells á það
Það ætti að standa ofan í laut
Svo enginn þyrfti að sjá það.*

Heimild: Skólablaðið Askur, Lárus Halldórsson. Á myndinni má sjá Lárus Halldórsson og nemendur Brúarlandsskóla skólaárið 1925-1926.

Texti: Birgir D. Sveinsson



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Mosfellingur á netinu



www.mosfellingur.is

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna
Þverholti 2
270 Mosfellsbær
S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Laxatunga 90-100

Falleg 182,1 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Verð kr. 34,9 m.

Fullb. sýningaríbúð verð kr.38,7 m.



Bergholt – Einbýlishús

133,6 m² einbýlishús ásamt 33,6 m² bílskúr við Bergholt í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, gestasalerni, baðherbergi, fjögur svefnherbergi, eldhús, búrherbergi, stofu og borðstofu. Húsið stendur á fallegri hornlöð í rölegri götu í grónu hverfi í Mosfellsbæ.

V. 39,5 m.



Laxatunga 116-124

Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin verða afhent fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innvegi. Falleg hús á mjög góðu verði. Verð frá 23,8 m.



Ásland-Parhús m/aukaíbúð

Mjög fallegt 203,8 m² parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu. V. 43,9 m.



Grundartangi - Raðhús

72,4 m² raðhús á einni hæð við Grundartanga 6 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, tvö svefnherbergi, eldhús og stofu. Fallegur garður í suðvestur. V. 21,7 m.



Súluhöfði-Sérhæð m/aukaíbúð

Falleg 197,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr og 62,7 fm auka íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Hæðin skiptist í forstofu, hol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og 37,5 fm bílskúr. Íbúðin á neðri hæð skiptist í opið rými með eldhúsi og rúmgöðri stofu, forstofu, baðherbergi, svefnherbergi og geymslu. Lækkað verð! V. 48,9 m.



Aðaltún - Parhús

Mjög fallegt 142,4 fm parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgöður bílskúr og stórt hellulagt bílapian. Stór vesturgarður með fallugu útsýni. Lækkað verð! V. 36,9 m.



Buðutangi - Endaraðhús

86,6 m², 3ja herbergja endaraðhús. Steypt hús á einni hæð. 2 rúmgöð svefnherbergi, fallegt baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlöð með timburvernd og góð aðkoma að húsi. Lækkað verð! V. 25,9 m.




Spóahöfði - Raðhús

Glæsilegt 175,1 m² raðhús með innbyggðum bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælu staði í Mosfellsbæ. V. 42,9 m.



Bjartahlíð - 4ra herbergja

Rúmgöð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Bjartahlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús. V. 25,9 m.



Prastarhöfði - 3ja herbergja

Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með falllegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. V. 23,9 m.



Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og falllega innréttuð íbúð með falllegu útsýni til suðvesturs. Lækkað verð! V. 24,5 m.



Urðarholt - 3ja herbergja

Falleg 91 m², 3ja herbergja íbúð í 3ja hæða fjölbýli við Urðarholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/baðkari, svefnherbergi og hjónaherbergi. Svalir í suðvestur og mjög fallegt útsýni að Esjunni í norðausturátt. V. 19,9 m.



Múlaþingur flyst á Reykjalundur

Múlaþingur, vinnustofa SÍBS að Hátúni í Reykjavík, mun flytjast á næstunni á Reykjalundur. Múlaþingur er stærsta og elsta öryrkjavinnustofa landsins þar sem öryrkjar njóta endurhæfingar ásamt því að framleiða og selja mest allra af bréfabindum og lausblaðabókum. Nýlega keypti Bergplast plastidnaðinn á Reykjalundi og mun sú starfsemi flytjast burt um áramótin. Húsnæðið verður þá sniðið að þörfum Múlaþingar og jafnvel hluti þess undir starfsemi endurhæfingarinnar á Reykjalundi. Með Múlaþingi myndu flytjast á þriðja tug starfsmanna í Mosfellsbæ.



Fé komið af fjalli

Réttað var á Hraðstöðum í Mosfellsdal sunnudaginn 20. september. Övenju mikið hefur verið um afföll í ár þar sem hundar eða aðrir dýrbítar hafa drepði fjölda kinda. Sex dauðar kindur fundust í Seljadal í sumar og nú nýverið voru tvö lömb drepin fyrir ofan Gljúfrastein. Hreinn Ólafsson bóndi í Helgadal ber sig þó vel og segir að fleira fé hafi skilað sér en hann átti von á. Hann bendir þó á að hundaeigendur ættu að hugsa sig betur um áður en þeir leyfa hundum sínum að ganga lausum innan um fjárhólfín. Nóg mikill hefur skaðinn orðinn hjá fjárbændum síðustu árin.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Mosfellsbær í viðræðum um einkasjúkrahús

Milljarðaverkefni í undirbúningi

Mosfellsbær hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn fyrirtækisins PrimaCare sem stefnir að því að byggja og rekja einkasjúkrahús og hótél sem sérhæfir sig í mjaðmaliða- og hnjóaðgerðum fyrir útlendinga. Um er að ræða allt að 30 þúsund fermetra byggingu og myndu skapast á bilinu 600-1000 störf í bæjarfélaginu. Gert er ráð fyrir að verkefnið kosti á bilinu 13-15 milljarða króna. PrimaCare er jafnframt í viðræðum við tvö önnur sveitarfélög, Álftanes og Garð en vonast er til að ákvörðun um staðsetningu verði tekin á næstu dögum eða vikum.

Mikil lyftistöng fyrir Mosfellsbæ

„Það þarf ekki að fjölyrða um það hversu mikil lyftistöng fyrir samfélagið hér í Mosfellsbæ og nágrenni þetta verkefni yrði. Ekki myndu einungis skapast hér rúmlega 600 störf á einu bretti heldur hefði verkefnið gífurleg áhrif vegna afleiddrar þjónustu sem af því skapast. Það ber þó að hafa í huga að verkefnið er enn á frumstigi og þó svo að einn hinna þriggja staða verði valinn á næstunni eins og stefnt er að á enn á eftir að tryggja fjármögnun verkefnisins,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Sjálfbærni og umhverfissjónarmið

Viðræður hafa staðið yfir í á þriðju viku. Að sögn Haraldar hrifust forsvarsmenn PrimaCare ekki síst af þeirri stefnu sem Mosfellsbær hefur markað sér í umhverfismálum og áformum um að verða leiðandi á sviði heilsuefingar, lýðheilsu og endurhæfingu á Íslandi. „Við tókum saman ítarlegt kynningarefni um Mosfellsbæ og hvernig stefna og mynd bæjarfélagsins fellur að stefnu PrimaCare. Það efni má nálgast á vef



Sólvellir í Mosfellsbæ er einn þeirra staða sem koma til greina undir einkasjúkrahús og hótél náist samningur við PrimaCare.

Mosfellsbæjar. PrimaCare er með háleit markmið í umhverfismálum og leggur áherslu á sjálfbærni og tengsl við náttúruna,“ bendir Haraldur á. „Þess má geta að Mosfellsbær gaf nýlega út stefnu um hvernig bærinn skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt, „Mosfellsbær – sjálfbært samfélag“, sem PrimaCare fólk heilladist til að mynda af.

Bæjarstjórn samstíga

Bæjarráð Mosfellsbæjar lýsti yfir stuðningi við áform forsvarsmanna PrimaCare og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem því var fagnað að PrimaCare sýni Mosfellsbæ áhuga varðandi hugsanlega staðsetningu stofnunarinnar. „Bæjarráð mun gera það sem því er unnt til að greiða götu fyrirtækisins svo tryggja megi farsælan starfsvettvang þess í bæjarfélaginu,“ segir í yfirlýsingunni.

„Málið er á viðkvæmu stigi og nú í raun í höndum PrimaCare að taka ákvörðun um næstu skref. Við höfum kynnt kosti Mosfellsbæjar fyrir forsvarsmönnum PrimaCare sem nú munu setjast yfir þá valmöguleika sem þeim standa til boða,“ segir Haraldur. Mosfellsbær hefur boðið þrjár lóðir undir sjúkrahúsið auk þess sem Reykjalundur kannar hvort grundvöllur sé fyrir því að láta land í eigu Reykjalundar undir sjúkrahúsið. Lóðir Mosfellsbæjar eru í landi Sólvalla fyrir ofan Akra, Reykjalíði í Mosfellsdal og Skammidalur.



➤ Forsvarsmenn PrimaCare eru þrír: Gunnar Ármannsson forstjóri, Sigríður Þorsteinsdóttir stjórnarformaður og Finnur Snorrason yfirlæknir. PrimaCare er í samstarfi við þrjú virt, alþjóðleg fyrirtæki: Shiboomi, sem sérhæfir sig í markaðsráðgjöf fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Skanska, sem er eitt stærsta byggingarverktaka fyrirtæki í heimi og Oppenheimer Investment; virt, svissneskt fjármögnunarfyrirtæki. Auk þess hefur Orkuhúsið gerst hluthafi í PrimaCare og hyggur á samstarf og viðræður standa yfir við stoðtækjaframleiðandann Össur.

➤ Markmiðið er að setja á fót spítala sem sérhæfir sig í hnjóað- og mjaðmaliðaaðgerðum. Stærsti hluti sjúklinganna mun koma frá Bandaríkjunum en Bandaríkjamenn leita nú þegar í verulegum mæli erlendis í þessar aðgerðir. Samkvæmt upplýsingum frá PrimaCare eru nú milljón Bandaríkjamanna á biðlista eftir aðgerðum sem þessum og eru þegar hafnar viðræður við bandarísk tryggingafélög og sjúkrahús um að taka á móti sjúklingum þaðan.

➤ Gert er ráð fyrir að starfsemin geti skilað allt að 10.000 ferðamönnum hingað til lands á ári hverju og uppundir 10 milljörðum í gjaldeyristekjur. Gert er ráð fyrir því að með hverjum sjúklingi komi einn til tveir gestir og er því einnig gert ráð fyrir 150 herbergja hóteli, veitingastað og gróðurhúsi í byggingaklasanum, sem og rannsóknarstofum og ef til vill göngudeildum.

Helgihald í október

4. október
Lágafellskirkja kl.11
Sr. Skírnir Garðarsson.

11. október
Lágafellskirkja kl.11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

18. október
Lágafellskirkja kl. 20

Taize guðsþjónusta
Sr. Skírnir Garðarsson

25. október
Mosfellskirkja kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Gleðigjafarnir TTT
- Tíu til Tólf ára starf
TTT er félagsskapur fyrir öll tíu

til tólf ára börn sem langar til að eiga skemmtilegan vetur saman. T.T.T. fundirnir verða á mánudögum í Safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 16:30. Þar munum við skemmta okkur við margs konar verkefni.

Allar nánari upplýsingar um helgihald og safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimsíðu sóknarinnar: www.lagafellskirkja.is

www.lagafellskirkja.is

Sambandsþing sambands ungra framsóknarmanna var haldið helgina 12.-13. september

Ungir framsóknarmenn þinguðu í Mosfellsbæ

Óhætt er að segja að góð stemmning hafi ríkt hjá þingfulltrúum sem sóttu 35. sambandsþing Sambands ungra framsóknarmanna sem haldið var í Mosfellsbæ. Fjöldi ungra framsóknarmanna sótti þingið úr öllum landshlutum, þar af fjölmargir sem voru að sækja sitt fyrsta SUF þing. Bryndís Gunnlaugsdóttir var endurkjörin formaður sambandsins en hún var ein í kjöri. Þess má geta að Bryndís er barnabarn Hreins og Herdísar í Helgadal.

Mosfellingar eiga tvo fulltrúa í stjórn SUF, Eggert Sólberg Jónsson var endurkjörinn varaformaður sambandsins auk þess sem Kristbjörg Þórisdóttir náði kjöri til stjórnar. Mosfellingurinn, Óli Tran, sá um að galdra fram hvern veisluréttinn á fætur öðrum á laugardagskvöldinu. Fóru réttirnir vel í þingfulltrúa og alþingismenn sem sóttu þingið.



Ungir framsóknarmenn þinguðu í sal Framsóknarfélags Mosfellsbæjar í Háholti.

Karлакór Kjalnesinga

Óvæntur glaðningur í
Guðríðarkirkju Grafarholti 10. okt. kl. 15



Stjórnandi

Páll Helgason

Einsöngvarar:

Guðrún Gunnarsdóttir
Jóhannes F Baldursson
Sigurður Hansson

Hljómsveit:

Benedikt Brynleifsson, trommur
Hans Þór Jensson, tenórsax
Jón Bjarni Jónsson, bassi
Jón Elfar Hafsteinsson, gítar
Sveinn G Þórhallsson, gítar



Vegna fjölda áskorana verða
útgáfutónleikar Karla-kórs Kjalnesinga
endurteknir. Á efnisskrá eru lög eins og
Kveiktu ljós, Tamning, Blakkur, Ég er
kominn heim og Eg fann þig.

**Miðar seldir við innganginn,
verð kr. 2.000**

www.karlakor.is



Mallhvít og dverg- arnir sjö á svið

Það er mikið um að vera þessa dagana í Leikfélagi Mosfells-
sveitar. Sýningum á söngleikn-
um Fúttlús sem 13-16 ára
hópur Leikgleði námskeiðanna
setti upp í sumar var að ljúka.
Krakkarnir stóðu sig með mestu
þrýði og sýndu tíu sýningar
fyrir fullu húsi. Nú er verið að
æfa barnaleikritið Mjallhvít
og dvergarnir sjö í leikstjórn
Herdísar Þorgeirsdóttir, en sýn-
ingar hefjast í byrjun nóvember.
Auk þess er nýtt leiklistar- og
tónlistarnámskeið að fara af stað
8. október fyrir börn á aldrinum
9-12 ára í umsjón Sigrúnar
Harðardóttur. Nánari upplýsing-
ar á www.leikgledi.webs.com.

Hlaut virt áströlsk sálfræðiverðlaun

Fjóra Dögg
Helgadóttir,
doktorsnemi
í sálfræði við
háskólann í
Sydney í, hlaut
á dögunum
hin virtu



Tracy Goodall
Early Career-verðlaun. Fjóra
kláraði BA nám í sálfræði við
háskóla Íslands árið 2004. Í
doktorsverkefni sínu lærði Fjóra
tvö tölutvötungumál og bjó til
tölvusálfræðing sem getur verið
með hundrað manns í meðferð
á sama tíma. Verkefni sitt kynnti
hún á evrópska sálfræðipinginu í
Ósló í sumar. Mikill heiður fylgir
því að hljóta þessi verðlaun og
væntanlega opnast margar dyr
fyrir upprennandi sálfræðing.
Fjóra er dóttir Helga Sigurðsson-
ar og Ingu Elínar Kristinsd.

Uppfinningamaður Varmárskóla

Lokahóf Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda fór fram á dögunum. Metþátttaka var í keppninni en 44 börn tóku þátt í úrslitum.

Markmið keppninnar er að virkja sköpunarkraft barna og unglinga í landinu. Fulltrúi Varmárskóla var Anna Lilja Ægisdóttir 9. HMH. Hún fann upp Ipod radio memory. Það er minni í Ipod-inn til að ná niður hvaða lag var verið að spila í útvarpinu. Síðan er hægt að tengja Ipod-inn við tölvuna og fletta upp hvað lagið heitir, ef maður vill t.d. kaupa lagið. Anna Lilja vann 2. verðlaun og fékk orðabækur, 4 GB minnislykil og peysu í verðlaun.



Leikskólinn Reyjakot hlaut jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2009

Jafnréttisdagurinn tileinkaður börnum

Jafnréttisdagur Mosfellsbæjar var haldinn hátíðlegur í Hlégarði þann 18. september. Dagurinn er haldinn árlega á fæðingardegi Helgu J. Magnúsdóttur, en hún var fyrst kvenna til að verða oddviti í Mosfellsbæ og lét sig málefni kvenna varða með ýmsum hætti. Um 40 gestir komu á jafnréttisdaginn og auk þess tóku á annað hundrað barna úr Mosfellsbæ þátt í deginum.

Mosfellsbær hefur síðastliðin tvö ár verið þátttakandi í verkefninu Jafnréttisfræðsla í skólum. Af þessum sökum var ákveðið að tileinka daginn jafnrétti í skólum. Börn á aldrinum 5-15 ára fjölluðu um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu út frá sínu sjónarhorni.

Í Reyjakoti sungu 5 ára nemendur og lögðu til hug-

myndir sínar um stráka og stelpur. Nemendur í 5 ára deild Lágafellsskóla höfðu teiknað fallegar myndir af hugmyndum sínum um jafnrétti. Nemendur í 3. bekk Lágafellsskóla höfðu unnið heilmikið verkefni um jafnrétti í leik og starfi og kynntu það með miklum glæsi-brag. Unglingar úr 8. og 9. bekk Varmárskóla og héldu erindi um það hvernig jafnréttisfræðslu þau myndu vilja fá í skólanum og að lokum sýndu nemendur úr 8. og 9. bekk Lágafellsskóla myndband sem þau höfðu búið til um jafnréttismál. Það var mál manna að innlegg barna og unglinga í Mosfellsbæ þennan dag hefðu í öllum tilfellum verið einstaklega vel undirbúin og skemmtilega framsett.

Beint samband við bærstjórann

Tekið hefur verið í gagnið vefspjall við bærstjóra á vef Mosfellsbæjar, www.mos.is. Bærstjóri, Haraldur



Sverrisson, situr við tölvuna á þriðjudögum milli 11 og 12 og svarar spurningum og ræðir málín við þá sem þess óska. Fyrirkomulag vefspjallsins er líkt og önnur vefspjallsforrit, þar sem spjallið fer fram í rauntíma, það er að segja, bærstjóri svarar spurningum jafnóðum. Þess má geta að allar IP tölur eru rekjanlegar. Mosfellsbær er framsækinn bær með háleiti markmið á sviði rafrænnar stjórnsýslu og hefur nú tileinkað sér nýjustu tækni og stofnað síðu á samskiptavefnum Facebook. Þar er hægt að fylgjast með fréttum úr bæjarlífinu og því sem er á döfinni í bænum.



Mosfellsbær tók þátt í samevrópskri samgönguviku 16.-22. september

Vel heppnuð samgönguvika

Nú er nýlokið þátttöku Mosfellsbæjar í samevrópskri samgönguviku, þar sem vakinn var athygli á áhrifum aukinnar umferðar í þéttbýli og hvatt til breyttra og betri samgöngumáta. Af því tilefni var almenningi í Mosfellsbæ boðið að reyna sig í vistakstri í vistaksturshermum Landverndar, bærjarfulltrúar og nefndarmenn kepptu í sparaksturskeppni og sett var upp hjólaþrautabraut á nýja miðbæjartorginu þar sem fjöldi barna og unglinga lagði leið sína til að sjá landslið BMX hjólaíðakappa sýna ótrúlegar listir á hjólunum.

Á hjóladegi fjölskyldunnar var hjólað úr úthverfum höfuðborgarsvæðisins niður í miðbæ Reykjavíkur með bærstjóra í broddi fylkingar og á strætódaginn var fjársjóðsleit í strætó, þar sem 150 bíómiðar voru faldir. Á lokadeginum fór síðan fram kynning og reynsluakstur á vistvænum farartækjum í miðbæ Mosfellsbæjar, s.s. á Prius tvinnbílum, metanbílum, rafmagnssportbíl, rafmagnshjólum og sjálfskiptum reiðhjólum, þar sem almenningi gafst kostur á að bera saman hina mismunandi kosti í umhverfisvænum samgöngum.



ELDRI BORGARAR



Listasafn Íslands !

Föstudaginn 9. okt. verður farið í Listasafn Íslands. Þar stendur yfir sýning á verkum úr bönkum ríkisins ásamt völdum verkum í eigu safnsins. Eftir sýningu verður farið í kaffihlaðborð á Icelandair hotel. Lagt verður af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Verð á akstri og kaffihlaðborði er kr. 2.500.

Bókband byrjar þriðjudaginn 6. okt. kl. 13

Tréskurður er á fimmtudögum kl. 12.30

Leikfimi er á fimmtudögum kl. 11.15

Línudans byrjar 6. okt. kl. 17

Öll þessi námskeið eru á Hlaðhömrum. Skráning í ferðina og á námskeiðin eru hjá forstöðumanni, sem veitir einnig upplýsingar um félagsstarfið. Sími 586-8014 e. hádegi og 692-0814.

TILBOÐ



FJÖLDI
TITLA
Í BOÐI

EIN NÝ DVD + TVÆR GAMLAR = 450 KR

BÓNUSVÍDEÓ

Tilboðið gildir aðeins í Bónusvídeó Mosfellsbæ

Oktober Hausttilboð



Thai Express

Kjarnanum Mosfellsbæ

Sími 552 6666

thaiexpress@thaiexpress.is

4 rétta
matseðill
2890 kr.
fyrir 2

PANANG kjúklingur
HOISIN nautakjöt
NÚÐLUR
RÆKJUR

5 rétta
matseðill
3790 kr.
fyrir 2

MASSAMAN kjúklingur
PANANG svínakjöt
NÚÐLUR
RÆKJUR
VORRÚLLUR

...og fyrir þá sem
borða á staðnum í október :
KAFFI & SÚKKULAÐI-
HÚÐAÐIR ÁVEXTIR Í
EFTIRRÉTT...

opið
virka daga 12:00 - 21:00
Laugardaga 12:00 - 21:00
Sunnudaga 17:00 - 21:00

Skoðið matseðilinn á
www.thaiexpress.is

Við getum matreitt eftir
"DANSKA KURNUM"
**120 - 170 gr. kjöt
& 300gr. grænmeti**

Thai Express leggur áherslu á
að allt hráefni, þ.e. fiskur, kjöt, krydd
og grænmeti, sé ferskt og eldað við
afar háan hita í stuttan tíma
— það tryggir ferskleika og bragðgæði.

Thai Express notar hvorki MSG né sterkjur

www.thaiexpress.is





Byggja glæsihallir í Varmárskóla

Í 4. bekk hjá Hafðísi Hilmarsdóttur kennara í Varmárskóla er ekki fúlsað við „rusli“ eins og plasttöppum eða afsöguðum viðarbútum. Eftir smávægilega fínússun nemenda með sandpappír og tilfæringar á töppunum er þetta orðinn finasti efniviður í glæsihallir eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Hafðís hefur bætt við nokkrum tindátum til að auka öryggi kastalálífsins og ánægju nemenda sem hafa greinilega skemmt sér vel við byggingarvinnuna.



Tómstundaskólinn hefur vetrarstarfið

Vetrarstarf Tómsundaskólans í Mosfellsbæ er hafið og er mjög góð þátttaka á hin ýmsu námskeið. Laugardaginn 3. október verður Hafliði Ragnarsen konditormeistari með sitt vinsæla konfektnámskeið og desertanámskeið verður haldið helgina eftir. Tómsundaskólinn hefur boðið upp á ýmis tungumálanámskeið og bættist nú við á haustönn sænskunámskeið sem Elísabet Brekkan mun stýra. Nánari upplýsingar um þessi námskeið er að finna á heimasíðu Tómsundaskólans, www.tomstundaskolinn.is.



facebook
Mosfelllingur er á Facebook

Steingrímur Eyfjörð sýnir í Listasal Mosfellsbæjar

Sýningargestunum boðið í Orgone-box

Listamaðurinn Steingrímur Eyfjörð opnar um helgina sýningu í Listasalnum í Mosfellsbæ. Steingrímur er einn af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar, hann hlaut Sjónlistarverðlaunin 2008 og var fulltrúi Íslands á Fenejartvíæringnum fyrir tveimur árum. Steingrímur sýnir svokallað Orgone-box í Listasalnum en jafnframt verða teikningar eftir listamanninn til sýnis. Sýningin kallar á þátttöku gestanna sem fá tækifæri til að upplifa veru í boxinu og skrá niður upplifanir sínar. Orgone-boxið er uppfinning austurísk-ameríska sálgreinandans Wilhelm Reich (1897-1957) og er því ætlað að fanga orgone

Steingrímur Eyfjörð

orkuna, hvata lífsins, úr umhverfinu. Reich þróaði Orgone-boxið til að safna orgone sem hann taldi grundvallar lífsorku alheimsins.

Mismunandi tjáningar fólks

„Ég hef nokkrum sinnum gert svipað verk áður með þátttöku gesta og útkoman hefur verið fróðleg,” segir Steingrímur.

Fólki er ætlað að setjast inn í Orgone-boxið í 5-10 mínútur og fylla síðan út eyðublað. Tjá upplifanir sínar á mismunandi líkamspörtum og þær hugrenningar sem tengjast verunni í boxinu. Tjáningar fólks verða síðan hengdar upp á vegg og tilheyra sýningunni. „Upplýsingunum safna ég svo saman og aldrei að vita nema þetta



Gunnar Helgi Guðjónsson starfsmaður Listasalarins kemur sér fyrir í boxinu.

verði einhverntíman gefið út,” segir listamaðurinn.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins, virka daga frá 12-19 og laugardaga frá 12-15. Aðgangur er ókeypis.



We are the World. Samsöngur á Stekkjarflöt að loknum vel heppnuðum friðartónleikum í Kjarna sem vonandi verða árlegir.

Hvatt til friðar í heiminum með söng í Kjarna og friðarkertum á Stekkjarflöt

Friðartónleikar Listaskólans

Mánudagskvöldið 21. september hélt tónlistardeild Listaskólans skemmtilega friðartónleika í Kjarna þar sem alþjóðlega friðardeginum var fagnað.

Fram komu: Sígga Birna, Dís, Ásdís, Ragnheiður Erla, Lára, Helga Þóra, Ásbjörg, Birta, Guðmunda, Svandís, María, Hrönn, Sigurður, Stefán, Aron, Valkyrjurnar og hinn snjalli gítarleikari Sigurjón.

Að tónleikum loknum var kveikt á friðarkertum við tjörnina á Stekkjarflöt.



Kertum fleytt á tjörnina við Stekkjarflöt að loknum tónleikum.



Ásbjörg Jónsdóttir syngur við undirleik Sigurjóns Alexanderssonar.

KEYPIS NÁMSKEIÐ

mskeið fyrir nýja heimsóknarvini

5. október kl. 17:30 - 20:30.

knarvinur er sjálfboðaliði sem heimsækir gestgjafa sinn á ns eða stofnun. Hlutverk vinarins er fyrst og fremst að veita p, nærveru og hlýju. Markmið þjónustunnar er að rjúfa ein- g sýna vináttu. Heimsóknarvinir geta talað saman, hlustað, indrað, farið saman út að ganga, í bíó, á kaffihús eða út að yra. Fyrirkomulag heimsóknarinnar er samkomulag.

Sálrænn stuðningur I

12. október kl. 17:30 - 20:30.

íámskeiðið er fyrir þá sem vilja rífa upp eða öðlast færni kingu í sálrænum stuðningi. Námskeiðið er gagnlegt fyrir ning, starfsmannahópa, starfsfólk með mannaforráð og sjálfboðaliða Rauða kross Íslands. eidiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í im sem geta valdið aföllum. Þátttakendur læra að gera sér in fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársauka- istæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

Skyndihjálpar – 4 stundir

28. október kl. 17:30 - 20:30.

ú að oftast eru það vinir eða ættingjar sem koma fyrstir á ættvang þegar einhver slasast eða veikist alvarlega? skyndihjálparnámskeið getur gert þér kleift að bjarga mannlífi þegar mínútur skipta máli. skeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja læra grunnatriði jálpar og sálræns stuðnings og öðlast lágmarksfærni í að eita slösuðum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum.

eiðin fara fram í Sjálfboðamiðstöðinni Þverholti 7 og eru þátt- að kostnaðarlausu. Skráning fer fram á raudikrossinn.is/kjos. upplýsingar í síma 898- 6065 og í netfangi kjos@redcross.is.



Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

og unglingaráð heldur fundi reldra iðkenda í knattspyrnudeild:

ð foreldrum í 8., 7., 6., og 5. flokki karla og kvenna
5. október kl: 19:30 – 20:30 í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.

ð foreldrum í 4., 3., og 2., flokki karla og kvenna
ur 6. október kl: 19:30 – 20:30 í Íþróttamiðstöðinni að Varmá

æði kvöldin:

urðir í hverjum flokki kynntir.
nnasamningur fyrir foreldra kynntur.
g besta forvörnin? Halla Heimisdóttir og
rsteindóttir,
æðingar
lega um
sem forvörn
ttuhegðun.
lla foreldra
a og kynna
sem fram-
i næsta
rutímabili.



hjá for- oma svo!

ra- og
íðs

Stjórn barna – og unglingaráðs knattspyrnu-
deildar Aftureldingar: Sveinn G. Pálmason, Friðrik
Gunnarsson, Hanna Símonardóttir, Hekla Klemenz-
dóttir, Halldóra Björnsdóttir og Kolbrún Þorsteins-
dóttir. Á myndina vantar Björn Traustason.

FUNDUR VINSTRI GRÆNNA Í MOSFELLSBÆ



**Við hefjum vetrarstarfið með fundi í
Hlégarði laugardaginn 10. október kl. 12.**
Heitt á könnunni og nýbakað brauð.

Oddviti Vinstri grænna í Kraganum, Guðfríður Lilja
Grétarsdóttir, alþingismaður, kemur á fundinn og
ræðir um pólitíkina, lífið og tilveruna.

Allir velkomnir

Stjórn Vinstri grænna í Mosfellsbæ

VEKJUM ATHYGLI Á LÍFLEGRI OG SKEMMTILEGRI
HEIMASÍÐU OKKAR WWW.VGMOS.IS



Bólusetning gegn árlegri influensu A og B hefst þriðjudaginn 6. október

Rétt er að árétta að bólusetning gegn árlegri influensu ver-
ndar ekki gegn influensu A(H1N1) svínainfluensu. Bólusetja
þarf við henni sérstaklega og verður það auglýst síðar.


Á Heilsugæslustöð Mosfellssumdæmis verður bóluset:

Þriðjudaga: frá kl. 13–16

Miðvikudaga: frá kl. 8:15–12

Fimmtudaga: frá kl. 8:15–12

Föstudaga: frá kl. 13–16



Allir sem fá bólusetningu þurfa að greiða komugjald á
heilsugæslustöðina, en einstaklingar 60 ára og eldri og
þeir sem tilheyra eftirtöldum áhættuhópum fá bóluefnið
sér að kostnaðarlausu. Munið að framvísa afsláttar- og/eða
örorkuskirteinum við komuna.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að eftirtaldir áhættu- hópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-,
lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja
sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættu-
hópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Lungnabólubólusetningar (pneumókokkasýkingar):

- Einstaklingar 60 ára og eldri, á 10 ára fresti .
- Einstaklingar með aspleniu eða aðra ónæmisbælandi
sjúkdóma á 5 ára fresti.



Lýðveldið við lækinn í Þrúðvangi

Myndlistarsýning, Lýðveldið við lækinn, stendur nú yfir í Þrúðvangi við Varmá í Álafoss-kvos. Listamennirnir sem sýna eru: Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir. Sýningin er hluti af þrjúþættu sýningarverkefni sem hverfist um íslenska lýðveldið í tengslum við menningarsögu og náttúrulegt umhverfi. Sýningin er opin frá kl. 14-18 og stendur til 11. október.

Dúettinn Glymur á Draumakaffi

Dúettinn Glymur spilar á Draumakaffi laugardaginn 3. október. Dúettinn er skipaður Sigurjóni Alexanderssyni gítarleikara, sem margir Mosfellingar þekkja sem rafgítarkennara og deildarstjóra í Listaskólanum, og Gunnhildi Júlíusdóttur söngkonu. Nánari upplýsingar er að finna á www.glymur.org.



Kynningarfundur Korpu í tjáskiptum

Kynningarfundur Powertalk deildarinnar Korpu í Mosfellsbæ verður haldinn miðviku-daginn 7. október kl. 20 í Safnaðarheimili Lágafellssóknar þverholti 3, 3ju hæð. Þjálfunarsamtökin POWERtalk International eru alþjóðlegur félagsskapur sem býður upp á markvissa þjálfun í tjáskiptum svo sem ræðumennsku, félagsmálum, fundarsköpum og mannlegum samskiptum, ásamt skipulagningu og stjórnun, með sjálfsnámi og jafningjafræðslu. Gestir eru ávallt velkomnir á fundi án allra kvaða



Vinkonurnar Elva Ösp Ólafsdóttir og Kristín Ármannsdóttir úr Varmáarskóla.



Kynningarstjórinn og mannauðsstjórinn. Sigríður Dögg og Sigríður Indriðadóttir.



Björn Þráinn Þórðarson lifir sig inn í eitt skemmtiatriðanna og baular hástöfum.

Starfsfólk Mosfellsbæjar héldu síðbúna en glæsilega árshátíð í Gullhömrum

Árshátíð starfsmanna bæjarins

Árshátíð starfsmanna Mosfellsbæjar fór fram á Gullhömrum í Grafarholti laugardagskvöldið 12. september. Birgir D. Sveinsson var heiðraður fyrir störf sín í þágu Mosfellsbæjar í gegnum árin. Bóðið var upp á þriggja rétta máltíð, skemmtiatriði o.fl. en botninn í kvöldið sló hljómsveitin Bob Gillan og Ztrandverðirnir.



Gyða Vigfúsdóttir, Harpa Svavarsdóttir og Dóra Wild voru litríkar að vanda.



Birgir D. Sveinsson, Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar, Jórunn H. Árnadóttir eiginkona Birgis og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. Birgir var heiðraður fyrir störf sín í þágu Mosfellsbæjar en hann var starfaði sem bæði kennari og skólastjóri við Varmáarskóla. Birgir stofnaði auk þess Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og stjórnaði henni fyrstu 40 árin.



Gular og glaðar vinkonur af bæjar-skrifstofunum í Kjarna.



Bókasafnsborðið með allt á hreinu, Eyþór, Gunnar Helgi, Marta Richter og Guðrún.



Vigdís Ragnarsdóttir á Reykjakoti í fullum skrudá og hjónin Magnús og Helga



Skvísurnar úr Lágafellsskóla, en sú stofnun var sú fjölmennasta á árshátíðinni.



Starfsmenn mættu í sínu finasta þússi og skemmtu sér vel í faðmi vina.



Veislustjóri kvöldsins, Hilmar Gunnarsson, leiddi árshátíðargesti í gegnum kvöldið.



Árshátíðarnefndin á bakvið þessa glæsilegu hátíð 2009.



Hver stofnun fékk úthlutað sínum lit og skreytti samkvæmt því.

Ég tek vel á
móti þér og
hjálpá þér að
ná árangri

Ávallt nægar vörur á lager, sheikar,
próteinbör, vítamín, krem, sjampó ofl.
Hringdu eða sendu línu og bókaðu tíma fyrir
FRÍTT mat á núverandi heilsuástandi.



Rakel • 869-7090

kolbrunnarakel@gmail.com • www.wealth.yourop.com
Kolbrún Rakel Helgadóttir • Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum
ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

BÍLL VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT V8 DÍSEL SE

Árgerð 2008 Ekinn 8 þ.km.
Nýskráður 10/2007
V8 dísel 3628 cc. slagrymi
8 strokkar / Sjálfskipting
Skipti möguleg á ódýrari
273 hestöfl / Fjór hjóladríf
2697 kg. / 20" dekk



Verð: 10.900.000

FLOTTUR BÍLL SEM LÍTUR ÚT SEM NÝR


Aukahlutir & búnaður ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Drátt-
arbeisli - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasin
- Geislaspihari - Glertopplúga - Handfrjáls búnaður - Hiti í sætum - Hraðastillir
- Höfuðpúðar aftan - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir
- Loftkæling - Loftpúðafjöðrun - Minni í sætum - Nálægðarskynjarar - Rafdrifið
sæti okumanns - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar -
Reyklaust ökutæki - Samlæsingar - Símálögn - Smurbók
- Sólskyggni - Spólvörn - Stafrænt mælaborð - Stöðug-
leikakerfi - Útvarp - Veltistýri - Vindskeið/spoiler o.fl.



100 BÍLAR | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS



FJÖLDI FISKRETTA YFIR 30 TEGUNDIR Í BORDINU



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

FÖSTUDAGSFLIPP Í FISKBÚÐINNI (HVAÐ GERA STRÁKARNIR?) KÍKIÐ Í GLUGGANN!

AUGLÝST SAMDÆGURS

Opnunartími:
Mánudaga: 10-19
Þri-fös: 11:30-19

Amma fiskur
tekur vel á móti
viðskiptavinum



OPIÐ TIL KL. 19 ALLA VIRKA DAGA



Ungir knattspyrnumenn að loknum kappleik árið 1986. Ávalt hefur mikil rækt verið lögð við barna- og unglingastarf Aftureldingar. Lengi býr að fyrstu gerð.



Íþróttahúsið við Varmá var reist árið 1976. Húsið var geymsimikil lyftistöng fyrir allt íþróttalíf í Mosfellshreppi.



Íþróttavöllurinn að Varmá var vígður árið 1989 og keppt á honum á landsmóti UMFÍ 12.-15. júlí árið 1990.



Frá upphafi voru sett upp leikrit á vegum Ungmennafélagsins Aftureldingar. Hér má sjá svipmynd úr Grænu lyftunni sem sýnd var í Hlégarði árið 1958. Frá vinstri: Reynir Guðjónsson, Einar Kristjánsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Viggó Valdimarsson og Arndís Jakobsdóttir.



Félagar úr Aftureldingu og Dreng leiddu oft saman hesta sína í glímukeppnum. Hjá Dreng voru bræðurnir Njáll og Davíð Guðmundssynir frá Miðdal í Kjós framarlega í flokki og má sjá þá lengst til vinstri.



Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu gerir hér samning við krabbameinsfélag Íslands. Mikill uppgangur hefur verið í kvennaknattspyrnunni á síðustu árum og leika þær nú í efstu deild.



Porgeir Jónsson var einn frækasti íþróttamaður Aftureldingar á sinni tíð og var löngum kenndur við Gufunes þar sem hann bjó um langt skeið.



Frækir knattspyrnumenn eftir leik á Tungubökkum á áttunda áratug síðustu aldar.



Fimleikadeild Aftureldingar er ein af nýrri deildum félagsins en hún var stofnuð árið 2000. Deildin hefur náð frábærum árangri þrátt fyrir ungan aldur og sópað að sér verðlaunum. Þessar stúlkur urðu Íslandsmeistarar á trampólíni árið 2008.



Handknattleikslíð Aftureldingar á Hálogalandi Guðmundsson, Árni Reynir Hálfðanarson, Þórð Lárússon, Magnús Lárússon og Jón Þórarinnsson. Skúli Skarphéðinsson, Gerður Lárúsdóttir, Halla

Mosfellingur birtir eftirminnilegar myndir úr sta

AFTURELDING Í

- Ungmennafélagið Afturelding var stofnað að Lágafelli 11. apríl árið 1909, eftir páskamessu í Lágafellskirkju en þá hafði Ungmennafélagshreyfingin nýlega tekið til starfa hérlandis.
- Eins og sést á svipmyndunum hér til hliðar hefur blómlegt íþróttalíf verið stundað innan Ungmennafélagsins í heila öld. Mosfellingur birtir því á þessu afmælisári skemmtilegar myndir úr starfinu.
- Í ár, 2009, þegar Afturelding fagnar afmæli sínu, eru félagsmenn tæplega fjögur þúsund, nánast helmingur íbúa Mosfellsbæjar.
- Innan Aftureldingar starfa nú tíu deildir: badmintondeild, blakdeild, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild og taekwondodeild.



Meistaraflokkur karla í handknattleik fór mikinn í kringum síðustu aldamót. Árið 1999, á 90 ára afmæli félagsins varð liðið Íslands-, deildar- og bikarmeistari. Á myndinni má sjá félagana Sigurð Sveinsson, Jón Andra Finnsson og Bjarka Sigurðsson.



Friða Rún Þórðardóttir var mikil afrekskona í frjálsum íþróttum. Friða Rún hefur oftast allra verið valin íþróttamaður Aftureldingar eða alls fjórum sinnum.



árið 1949. Aftari röð frá vinstri: Janus Eiríksson, Einar Jónsson, Gunnar Bjarnason, Sveinn Guðmundsson, Jón M. Guðmundsson, Ásbjörn Sigurjónsson, Guðjón Hjartarson, Tómas Þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Rúnar Ólafsson, Freyja Norðdahl, Ingunn Finnbogadóttir, Þór Sigurðsson, Valgerður Guðmundsdóttir og Hreinn Ólafsson.

arfi Ungmennafélagsins 100 ÁR



Fjórir fótboltakappar, Rikharð Örn Jónsson, Hannes Hilmarsson, Friðsteinn Stefánsson og Einar K. Guðmundsson.



Goggi Galvaski hefur verið fastur gestur á frjálsíþróttamótum að Varmá í áratugi.



Meistaraflokkur karla í handknattleik fyrir kappleik árið 1975. Efri röð: Steinar Bjarni Sigvaldason, Eyjólfur Jónsson, Pétur Þór Gunnarsson, Haukur Nielsson, Magnús Guðmundsson. Neðri röð: Steinar Tómasson, Ólafur Gísli Sigurjónsson, Þorvaldur Hreinsson, Gunnar Freyr Stefánsson, Heiðar Hannesson.



Halldór Laxness les úr verkum sínum á 40 ára afmæli UMFA í Brúarlandi árið 1949.



Sigurlið UMKS í handknattleik á landsmóti á Eiðum 1952. Aftari röð: Guðjón Hjartarson Álafossi þjálfari, Hrafnhildur Ágústsdóttir Hækingsdal, Gerður Lárusdóttir Tröllagili, Þuríður Hjaltadóttir Æsustöðum, Svava Ingimundardóttir Hrisbrú og Unnur Inga Pálsdóttir Grjóteyri. Fremri röð: Herdís Jónsdóttir Blönduholti, Ragna Lindberg Flekkudal, Marta María Hálfðanardóttir Mosfelli, Sóley Tómasdóttir Meðalfelli og Kristín Þorkelsdóttir Reykjahlíð.



Karatedeild var stofnuð innan Aftureldingar árið 1997. Hér sést sigurreiður hópur barna á Íslandsmeistaramóti í Kata árið 2008.



Félagar úr Aftureldingu og Dreng í Kjós ganga fylktu liði inn á íþróttasvæðið á Kolla-fjarðareyrum þegar nágrannafélögin héldu sitt fyrsta sameiginlega mót 14. júlí 1918.



Um miðjan áttunda áratuginn var stofnuð vélhjóladeild innan Aftureldingar.



Stjórn Aftureldingar á 60 ára afmæli félagsins. Lísá Einarsdóttir, Guðmundur Magnússon, Birgir Sigurðsson, Gunnar R. Magnússon og Ásgeir Indriðason.



Bergsveinn Bergsveinsson hampar Íslandsmeistaratitlinum árið 1999.



Ylvolg Varmá í Álafosskvos notuð til sundiðkunar á þriðja áratugnum.



40 ára afmæli UMFA 1949. Forystumenn, gestir og stofnendur Aftureldingar á hátíðarhöldum í Brúarlandskjallara.



Guðrún Björnsdóttir, fyrsti formaður ungmennafélagsins Aftureldingar.

Sigfús Tryggvi Blumenstein rafvirki hefur safnað stríðsmunum frá unga aldri, í dag á hann orðið stórt safn af mjög svo óvenjulegum munum

Safnari af lífi og sál



Stríðsárin 1939-1945 er mikilvægur þáttur í sögu Íslands á 20. öld. Föstudaginn 10. maí árið 1940 hélt bresk flotadeild inn á Sundin við Reykjavík. Flotadeildin samanstóð af tveimur beitskipum og tveimur tundurspillum. Um borð í skipunum voru hundruð breskra landgönguliða, tilbúnir til að hernema Ísland. Þetta átti eftir að verða einn örlagaríkasti dagur í sögu landsins. Einn þeirra sem hefur orðið fyrir miklum áhrifum þessa tímabils er Mosfellingurinn Sigfús Tryggvi Blumenstein en aðaláhugamál hans er söfnun gamalla stríðsminja.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

„Söfnunaráráttan lét fljótlega á sér kræla þegar ég var barn og ég var mikið á ferðinni í Slippnum og á höfninni bæði að skoða og dorga, móðir mín sagði mér að ég hefði aldrei komið heim með vasana tóma segir,“ Tryggvi aðspurður um það hvenær hann hafi byrjað að safna öllum þessum stríðsmunum sem hann hefur í fórum sínum. „Einn góðan veðurdag uppgötvuðum við skólafélagarnir svo peningafjöruna en hún var þar sem gömlu öskuhaugarnir voru, alveg vestast í vesturbænum. Við gengum hana og tíndum upp smámynt, en það leið ekki á löngu þar til byssukúlur, skot-hylki og fleira spennandi varð fyrir valinu.“

Sveinspróf í rafvirkjun

„Ég ólst upp í vesturbænum og gekk í gamla Stýrimannaskólann sem þá var barnaskóli. Gagnfræðapróf tók ég í Hagaskóla en síðan lá leið mín í Iðnskólann í Reykjavík, þar sótti ég nám í rafvirkjun og tók sveinspróf þaðan árið 1992. Foreldrar mínir eru Leifur Blumenstein byggingafræðingur sem lést árið 1993 og Bergljót Sigfúsdóttir tækni-teiknari. Ég á þrjá bræður, tvo eldri þá Hlyn og Braga og Eirík sem er yngstur.

Afi minn var þýskur en bjó á Íslandi fyrir stríð. Vegna þjóðernis síns var hann tekinn til fanga af Bretum og settur í fangabúðir á ey-

unni Mön. Þetta hafði mikil áhrif á pabba minn sem var ekki nema tíu ára þegar faðir hans var tekinn frá fjölskyldunni og vissulega hefur þetta markað spor fyrir fjölskylduna alla. Eftir stríð var afi síðan sendur til Þýskalands og kom svo þaðan aftur til Íslands.“

Sögulegar minjar

„Ég hef afskaplega gaman af því að ferðast og fór strax sem unglingur í margar ferðir með Útivist, einnig var ég um tíma skálavörður í Þórs-mörk. Ég hef farið í marga leiðangra með félögum mínum til að skoða gamlar stríðsminjar því aðaláhugamál mitt er söfnun þessara minja.

Þó að söfnunin hafi ekki verið markviss í upphafi þá tók hún fljótlega á sig þá mynd að safna því sem tengist Íslandi. Ég safna allt frá smámunum upp í stærri hluti eins og t.d. tundurdufl sem ég hef eignast. Ég lít svo á að ég sé að bjarga sögulegum minjum, oft hefur maður frétt af hinum og þessum hlutum og þegar maður hefur ætlað að nálgast þá er búið að henda þeim og það þykir mér miður.

Ég hef sérstakan áhuga á þætti Íslendinga á loftvarnasveitum, sprengjueyðingu og við vinnu fyrir hernámsliðið en t.d. þar voru notaðir passar til að komast inn og út af vinnusvæðum.“

Safnið stækkar óðum

„Ég hef fengið marga af þess-

um munum gefins en annað hef ég keypt. Þetta hefur verið smám saman að aukast með árunum en stærsta stökkið í aðföngunum var þegar ég komst á uppboðsvefi á netinu til að kaupa. Þá fór safnið hjá mér að stækka hraðar.

Draumur minn er að safnið verði að almenningssafni í framtíðinni, en slíkt safn hefur vantað hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er sorglegt til þess að hugsa að þessum árum sem voru einir mestu umbrotatímar á Íslandi skulu ekki vera gerð betri skil.

Meðal þess sem er í safninu hjá mér eru dagblöð gefin út af Íslendingum, bandaríska hernum og þeim breska, póstkort, ljósmyndir, merki, miðar á skemmtanir, minjagripir sem seldir voru hermönnum, myndir af hermönnum sem voru hérna og einnig af Íslendingum, búningar og hjálmar.“

Ég spyr Tryggva hvort almenn-ingur geti haft samband við hann ef hann hafi minjar í fórum sínum sem nýst gæti safninu? „Ég þigg með þökkum allar ábendingar frá fólki, það gæti nú leynst eitthvað hérna í Mosfellsbænum þar sem hér var mikið af hermönnum á stríðsárunum. Oft er það nú þannig að það sem flestum þykir kannski ómerki-legt gæti mér þótt vera gersemi“ segir Tryggvi brosandi. „Ég hef haldið úti heimasíðunni www.fbi.is sem er reyndar enn í vinnslu en það er hægt að hafa samband við mig í gegnum hana.“

Áhugamaður um vopn

„Ég er mikill áhugamaður um vopn og er virkur félagi í Skotfélagi Reykjavíkur og er starfandi æfingastjóri þar. Fyrsta byssan sem ég eignaðist var Mauser 96 sem er sænskur herrieffill en síðan þá hafa margar bæst í safnið. Ég á engar byssur tengdar stríðsárunum á Íslandi en myndi gjarnan vilja finna nokkrar slíkar.“

Hefur ferðast mikið

Tryggvi er giftur Steinunni Kristjánsdóttur lífeindafræðingi, þau eiga tvo syni þá Kristján Leif fæddan 2002 og Ólaf Karl fæddan 2006. Fyrir átti Tryggvi soninn Hall Húma fæddan 1993. „Við hófum sambúð okkar í miðbænum en fluttum okkur um set í Mosfellsbæinn árið 2002 og sjáum ekki eftir því. Við fjölskyldan ferðumst mikið og höfum ómælda ánægju af að skoða landið okkar.“ segir Tryggvi að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Fjölskyldan: Kristján Leifur, Tryggvi, Hallur Húmi, Ólafur Karl og Steinunn.



Opin hús fyrir foreldra í Mosfellsbæ

Foreldrum og öðrum áhugasömum um uppeldismál stendur til boða að mæta á opin hús á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar síðasta miðvikudag í hverjum mánuði í vetur. Hvert kvöld hefst á stuttri fræðslu og spurningar og umræður verða að því loknu.

Foreldrar/forráðamenn og aðrir áhugasamir, takið þessi kvöld frá, komið og ræðið uppeldismál, umhverfi og aðstæður barna og unglinga í Mosfellsbæ.

Yfirskrift kvöldanna í vetur verður sem hér segir*:

- 28. okt. 2009** Við tökum þátt! Aðkoma foreldra að skólastarfi.
- 25. nóv. 2009** Máttur góðra tengsla. Hvað hefur heilinn um þau að segja?
- 27. jan. 2010** Mataræði og geðheilsa.
- 24. feb. 2010** Frá foreldri til foreldris - jákvæðni og umhyggja í samstarfi foreldra - skóli án eineltis.
- 24. mar. 2010** "Auðveldara er að segja "fjall" en klífa það". Um stuðning í námi.
- 29. apr. 2010** Að höndla hamingjuna líðan foreldra og áhrif hennar á börn.

Opnu húsinn verða haldin í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna kl. 20:00-21:00 nema annað sé auglýst sérstaklega.

Allir velkomnir
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar
* Auglýst með fyrirvara um breytingar.



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

PIZZUR

MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maiskorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRAUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu:
Varð á hvert slétti

	9"	12"	15"	18"
Grunnverð á pizzu:	970	1390	1680	1990
Varð á hvert slétti	100	200	300	500

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu

33. BEIKON BORGARI 1420 kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu





Íþróttamenn hvernir deildar fyrir sig eða aðstandendur þeirra.

Uppskeruhátíð Aftureldingar fór fram laugardaginn 26. okt.

Karatedeildin atkvæðamest

Kristján Helgi Carrasco og Telma Rut Frímansdóttir úr karatedeild Aftureldingar voru atkvæðamest á nýaflokinn uppskeruhátíð Aftureldingar þar sem fjöldi verðlauna og viðurkenninga voru afhent. Þau urðu fyrir valinu sem íþróttakarl og íþróttakona Aftureldingar 2009.

Telma Rut hefur unnið til fjölda verðlauna í karate á árinu. Hún er m.a. Íslandsmeistari í kumite í sínum aldursflokki og í fullorðinsflokki í sínum þyngdarflokki, hún er Grand Prix meistari í kumite, varð í öðru sæti í kata og í 2 sæti á bikarmóti Karatesambandsins. Hún æfði og keppti með landsliðinu. Telma Rut er afreksmanneskja í karate og góð fyrirmynd yngri iðkenda.

Kristján Helgi hefur stundar karate í 8 ár. S.l. ár náði hann þeim einstaka árangri að hafna í 1. sæti í öllum flokkum sem hann keppti í, er m.a. Íslandsmeistari 2009 í kata og í kumite auk þess að verða líka Grand Prix meistari í kata og kumite. Hann æfði og keppti með karatelandslíðinu á síðasta tímabili. Kristján Helgi er toppíþróttamaður til mikillar fyrirmyndar. Þess má geta að Kristján Helgi var einnig Íslandsmeistari í blaki með liði sínu í maí 2009.

Íþróttamenn deilda:

Blakdeild:

Arnór Snær Guðmundsson, 16 ára

Badmintondeild:

Sindri Jarlsson, 19 ára

Dagný Ágústsdóttir, 18 ára

Fimleikadeild:

Sigurður Jóel Sigurðsson, 12 ára

Karen Anna Sævarsdóttir, 14 ára

Frjálsíþróttadeild:

Fríðrik Karl Karlsson, 17 ára

Emma Theodórsdóttir, 17 ára

Handknattleiksdeild:

Smári Guðfinnsson, 21 árs

Telma Rut Frímansdóttir, 17 ára

Karatedeild:

Telma Rut Frímansdóttir, 17 ára

Kristján Helgi Carrasco, 16 ára

Knattspyrnudeild:

Clare Sykes, 24 ára

Sigurbjartur Sigurjónsson, 22 ára

Sunddeild:

Stefán Orri Ragnarsson, 15 ára

Aðalbjörg Egilsdóttir, 13 ára

Teakwondodeild:

Gísli Gylfason, 14 ára

ÍÞRÓTTAMENN AFTURELDINGAR



1975	Lárus Halldórsson	handknattleiksmaður
1976	Jón Þ. Sverrisson	frjálsíþróttamaður
1977	Þorvaldur Hreinsson	knattspyrnumaður
1978	Inga Úlfisdóttir	frjálsíþróttakona
1979	Emil B. Karlsson	handknattleiksmaður
1980	Sigrún Guðný Markúsd.	frjálsíþróttakona
1981	Sigurjón Eiríksson	handknattleiksmaður
1982	Steinar Tómasson	handknattleiksmaður
1987	Heiða Björg Bjarnadóttir	frjálsíþróttakona
1988	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1989	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1991	Hrafnhildur Hákonardóttir	sundkona
1992	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1993	Róbert Sighvatsson	handknattleiksmaður
1994	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1995	Silja Rán Ágústsdóttir	knattspyrnukona
1996	Gunnar Steinþórsson	sundmaður
1997	Rafn Árnason	frjálsíþróttamaður
1998	Rafn Árnason	frjálsíþróttamaður
1999	Bjarki Sigurðsson	handknattleiksmaður
2000	Gintaras Savukynas	handknattleiksmaður
2001	Geir Rúnar Birgisson	knattspyrnumaður
2002	Sigurjón Jóhannsson	badmintonmaður
2003	Einar Ingi Hrafnsson	handknattleiksmaður
2004	Halldór Lárusson	frjálsíþróttamaður
2005	Halldór Lárusson	frjálsíþróttamaður
2006	Brynja Finnsdóttir	frjálsíþróttakona
2007	Hilmar Stefánsson	handknattleiksmaður
	Maria Rannveig Guðmundsd.	knattspyrnukona
2008	Paul Clapson	knattspyrnumaður
	Telma Frímansdóttir	karatekona



Vinnubjarkur Aftureldingar 2009, Guðrún Kristín Einarisdóttir formaður blakdeildarinnar frá upphafi. Bikarinn fær hún fyrir dugnað og eljusemi fyrir félagið.



Arnór Prastarson fyrirliði Hvíta Riddarans tekur við viðurkenningunni „Bjartasta vonin“ fyrir hönd liðsins. Erlendur Fjeldsted afhenti bikarinn en hann er gefinn af UMFUS, Ungmennafélaginu Ungir Sveinar.



Afturelding endaði 2. sæti á Reykjavík Open Hanboltinn byrjar að rúlla

Leikmenn meistaraflakks karla í handknattleik eru tilbúnir í slaginn fyrir veturinn. Þeir gerðu góða hluti á Reykjavík Open helgina 19.-20. september þar sem þeir höfnuðu í 2. sæti en Fram fór með sigur af hólmi. Liðið virðist ná vel saman og verður spennandi að fylgjast með þeim en stefnan er að sjálfsögðu sett á sigur

í 1. deildinni. Fyrsti leikurinn er að Varmá laugardaginn 10. október kl. 13:30 við ÍBV. Spilað verður í gamla salnum og eru bæjarbúar hvattir til að fjölmenna.

Magnús Einarsson og Hrafn Ingvarsson eru komnir aftur heim og spila með liðinu í vetur og er það mikil innspýting fyrir hópinn.



Silfur hjá b-liði 5. flokks á Íslandsmótinu

B-lið 5. flokks karla lék til úrslita um Íslandsmeistaratilinn síðsumars við FH. Svo fór þó að FH-ingar höfðu sigur og höfnuðu strákarnir úr Aftureldingu því í öðru sæti sem er engu að síður frábær árangur. Á myndinni má sjá strákana að leik loknum á Vodafone vellið ásamt þjálfurum sínum.



Ullarverksmiðja Ístex við Völuteig
óskar eftir að ráða starfsfólk í
spuna- og pökkunardeild.

Nánari upplýsingar í s. 566-6300, kl. 8-16.

Hef tekið til starfa á ný

Gamlir og nýir viðskiptavinir velkomnir



Fanney Dögg Ólafsdóttir
snyrtifræðimeistari

Snyrti-, nudd-, og fóttaðgerðastofan

Líkami og sál

Sími 5666307 - Þverholti 11



MOSFELLINGUR

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 23. OKT

MOSFELLINGUR

Kenni bókhald og Excel!

Inga Jóna Óskarsdóttir
viðurkenndur bókari

Grensásvegur 16, 108 Reykjavík, s. 691 0127



www.bokhaldogkennsla.is
ingajona@internet.is



LEIGUM ÚT
STÚDÍÓÍBÚÐIR



www.hotellaxnes.is - s. 566-8822

Skipulagsþing í Mosfellsbæ

Mosfellsbær stendur fyrir skipulagsþingi sem haldið verður í Lágafellsskóla þann 17. október næstkomandi. Markmiðið er að íbúar fái tækifæri til að taka þátt í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar sem nú stendur yfir.

Nánari upplýsingar má fá á skipulagsgátt á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsgatt.

Dagskrá þingsins verður auglýst nánar á mos.is þegar nær dregur.

Þá hefur verið stofnað sérstakt netfang vegna verkefnisins sem íbúar eru hvattir til að nýta sér, adalskipulag@mos.is.

Skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



MOSFELLSBÆR

Velheppnuð framkvæmd á gömlu fallegu húsi

Eins og flestir vita hefur Brúarlandshúsið fengið sitt gamla hlutverk og er orðið skólahús að nýju. Fyrsti framhaldsskóli Mosfellsbæjar hefur nú tekið þar til starfa og ríkir mikil ánægja á meðal nemenda og kennara.

Það hefur verið einstaklega gaman að fylgjast með þeim velheppnuðu framkvæmdum sem staðið hafa yfir á húsinu undanfarna mánuði og lýkur brátt. Arkitekt innanhúsframkvæmdana var Vilhjámur Hjálmarsson en hann lagði einnig á ráðin með breytingar í Varmárskóla á sínum tíma. Þessa dagana er unnið af fullum krafti utandyra, verið er að taka lóðina í kringum húsið í gegn og eins er unnið við múrverk á húsinu.

Það er mikið fagnaðarefni að brátt fær húsið sitt upphaflega útlit. Þegar þeirri vinnu hefur verið lokið, verður Brúarland vafalítið mikil bæjarprýði. Brúarlandshúsið er teiknað af Einari Erlendssyni, arkitekt og fyrrverandi fulltrúa húsameistara ríkisins. Bygging þess hóst árið 1922 og sama ár hóft kennsla í kjallaranum. Brúarland var reist í þremur áföngum.

Í ritinu: *Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*, sem kom út 1931, segir um Brúar-



landshúsið: *Á Brúarlandi í Mosfellsveit í Kjósarsýslu hefur verið reist myndarlegt skólahús úr steinsteypu; er þar og samkomusalur fyrir sveitina í kjallara hússins, sem jafnframt er notaður til leikfímikennslu. Á efri hæð þess er prýðileg skólastofa, þægileg íbúð fyrir kennara og heimavistir fyrir 20-30 börn. Húsið er 13,5 x 9,76 m stórt, og auk þess útbýgging 7 x 4 m., allt hitað með hveravatni.*

Góður kostur fyrir Mosfellsbæ

Í stefnuskrá okkar Vinstri grænna var það m.a. markmið að gera Brúarlandshúsið upp og fá því verðugt hlutverk í bæjarfélaginu. Þegar nefnd á vegum Menntamálaráðuneytisins, ásamt fulltrúum frá Mosfellsbæ, taldi húsið hentugt og heppilegt til að hefja þar, til að byrja með, starfsemi Framhaldsskóla Mosfellsbæjar, var það vissulega í senn, mikið fagnaðarefni og einnig sérlega góður kostur fyrir okkur Mosfellings. Kostnaður við viðgerðir á húsinu lagðist því ekki einungis á Mosfellsbæ. Vert er að þakka fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sérlega gott samstarf, en hún sýndi húsinu og verkefninu mikinn áhuga, allt frá upphafi.

Þegar nýr framhaldsskóli verður risinn og tekinn til starfa, eigum við glæsilegt hús sem auðvelt verður að finna verðugt verkefni í bænnum.

Brúarlandshúsið var um áratuga skeið miðdepill mannlífs í Mosfellsveit. Það var ekki einungis skólahús, heldur einnig aðal samkomustaður bæjarfélagsins. Það eiga margir gamlir Mosfellingsar góðar minningar frá Brúarlandi og nú á þeim væntanlega eftir að fjölga áfram, jafnt og þétt.

Metnaðarfull uppbygging

Það er alltaf gaman þegar gömlum og fallegum húsum er sýnd virðing og þau gerð fallega upp. Fjöldi manna hafa komið að uppbyggingu Brúarlandshússins og er vert að þakka öllu því góða fólki fyrir metnaðarfullt starf. Ég held að á engan sé hallað þó að ég nefni hér sérstaklega nöfn Davíðs B. Sigurðssonar, umsjónamanns fasteigna Mosfellsbæjar og Jóhönnu B. Hansen, bæjarverkefnaðing. Þau hafa fylgt verkefninu eftir allt frá upphafi og lagt þunga áherslu á, að nýta allt það gamla, sem mögulegt var, í húsinu og með því haldið í því gamallri og góðri sál.

Gamlar og góðar minningar

Það er einnig sérlega góð tilfinn-

ing að sjá hús sem er manni svo kært verða svo fallett að nýju. Í Brúarlandi var afi minn, Lárus Halldórsson, skólastjóri um árabil og bjó þar ásamt eiginkonu sinni Kristínu Magnúsdóttur og átta börnum. Afi Lárus réð föður minn, Tómas Sturlaugsson, sem kennara og þar kynntist hann móður minni, Gerði Lárusdóttur, dóttur Lárusar skólastjóra. Faðir minn varð svo seinna skólastjóri Varmárskóla eða til ársins 1977. Birgir D. Sveinsson, sem allflestir Mosfellingsar þekkja, hóf sín kennarastörf í Brúarlandi og bjó þar einnig um tíma ásamt eiginkonu sinni Jórunni Árnadóttur og börnum. Klara Klængsdóttir, sem nú dvelur á Hlaðhömrum, var einnig kennari í Brúarlandi og Varmárskóla. Hún kenndi á þeim tíma þremur ættliðum í Mosfellsveit að lesa og synda. Klara bjó einnig um árabil í Brúarlandshúsinu.

Ég veit að þetta er nokkuð persónulegt hjá mér hér í lokin, en það er gott að eiga gamlar og góðar minningar og ekki síður meira virði að varðveita þær.

Ég óska öllum Mosfellingsum innilega til hamingju með Brúarlandshúsið.

Karl Tómasson
forseti bæjarstjórnar

Endurskoðun aðalskipulags

Skipulags og byggingarnefnd vinnur nú að endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar. Viðfangsefni endurskoðunarinnar er að fara yfir leiðarljós, meginmarkmið og undirmarkmið gildandi aðalskipulags og gera breytingar og aðlaganir þar sem við á.

Í skipulagi og uppbyggingu Mosfellsbæjar er lögd áhersla á fjölbreytta, manneskjulega byggð, þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi, vandada umhverfismótun og góð tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði og náttúru. Lögd er áhersla á sérstöðu og sjálfstæði Mosfellsbæjar en einnig á stöðu hans og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins. Skipulag bæjarins og mótun byggðar og umhverfis skal stuðla að velferð íbúanna.

Aðkoma bæjarbúa - Skipulagsþing

Mikilvægt er að tryggja þátttöku íbúa í þessari vinnu, til þess hefur verið opnuð skipulagsgátt á heima-



síðu Mosfellsbæjar, mos.is. Þar munu bæjarbúar geta fylgst með framvindu endurskoðunarinnar og tjáð hug sinn um þær tillögur og álitamál sem upp kunna að koma. Virkjað hefur verið netfangið aðalskipulag@mos.is, þar gefst íbúum og öðrum áhugasömum kostur á að senda inn athugasemdir, tillögur og hugmyndir tengdar endurskoðun aðalskipulags.

Þann 17. október næstkomandi mun Mosfellsbær standa fyrir skipulagsþingi þar sem fjallað verður um endurskoðun aðalskipulags. Kallað er eftir hugmyndum, ábendingum og þátttöku bæjarbúa við endurskoðunina. Mosfellingsar eru hvattir til að taka þátt í að móta framtíð Mosfellsbæjar og leggja sitt af mörkum til þess að gera góðan bæ enn betri.

Sjáumst á Skipulagsþingi

Bryndís Haralds
formaður skipulags- og bygginganefndar

Hver er Hvíti riddarinn?

Þar sem ýmsir hafa velt því fyrir sér hversvegna Hvíti riddarinn sé í samkeppni við meistaraflokk Aftureldingar, er rétt að útskýra tilkomu Hvíta riddarans sem síðar varð að samstarfi og endaði með samruna.

Hvíti riddarinn var stofnaður fyrir um 10 árum af vinahópi úr Mosfellsbæ. Hann hóf keppni í firmamóti og tók svo þátt í utan-deildinni í knattspyrnu. Síðar meir skráðu þeir liðið til keppni í 3. deildinni. Leikmenn komu og fóru eins og gengur, en liðið náði ágætis árangri ár eftir ár.

Fyrir þremur árum hófst samstarf Aftureldingar og Hvíta riddarans, þar sem nokkrir sterkir leikmenn í 2. flokki skiptu yfir í Hvíta riddarann til að styrkja liðið. Félögin sendu svo sameiginlegt lið til þátttöku í 2. flokki, þar með var þeim sem skipt höfðu yfir í Hvíta riddarann gert mögulegt að spila með 2. flokki sameiginlegs liðs og meistaraflokksliði Hvíta riddarans í 3. deild. Ári síðar þegar stjórn knattspyrnudeildar bárust fregnir af því að Hvíti riddarinn hyggðist ekki senda lið til keppni kviknaði sú hugmynd að taka við rekstrinum. Afturelding myndi þannig tefla fram Hvíta riddaranum sem b-liði meistaraflokks í 3. deild.

Í auglýsingu hjá Aftureldingu eru ár, þar sem fjöldi þeirra sem kemur upp úr 2. flokki er slíkur að ólík-



legt verður að teljast að allir komist strax að hjá meistaraflokki félagsins.

Því gæti rekstur b-liðs með þátttöku í 3. deild brúað bilið fyrir marga efnilega knattspyrnumenn. Þeir fá þá margir á 2. flokks aldri og fyrstu árin á meistaraflokks aldri að taka þátt í íslandsmótinu með meistaraflokksliði í 3. deild og skapa sér góða reynslu áður en þeir koma svo sterkir inn í aðal liðið.

Eftir tveggja ára starf hefur þetta verkefni strax sýnt ávöxt því Hvíti riddarinn náði sínum besta árangri frá upphafi í sumar, þar sem að allir leikmenn liðsins voru 23 ára og yngri. Flestir búnir að spila upp alla yngri flokkana hjá Aftureldingu, auk örfárra vina þeirra og topp drengja. Fyrir drengi í 4. og 3. flokk er líka gott til þess að vita að möguleikinn á að fá tækifæri til að spila meistaraflokksleiki í framtíðinni er töluvert meiri þegar tvö meistaraflokkslið eru í boði í félaginu.

Það er því óhætt að segja að ungir knattspyrnumenn í meistaraflokksliðum Aftureldingar og Hvíta riddarans eigi bjarta framtíð. Í það minnsta hefur Hvíti riddarinn verið hrókur alls fagnaðar á vellinum í sumar. Við vonum að svo verði einnig áfram.

Hanna Simonardóttir
Liðstjóri Hvíta riddarans

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 23. OKTÓBER



Gulli og Viktor á fleygiferð í Belgíska meistaramótinu sem fram fór á dögunum.

Félagar í MotoMos gera það gott í motocross

Team Mosó eru liðameistarar 2009

Team Mosó úr Mosfellsbæ urðu liðameistarar í Motocross sumar-ið 2009. Liðið vann Team Kawasaki með aðeins 29 stigum, það var mikil barátta á milli Team Mosó og Team Kawasaki í sumar en þetta voru tvö bestu liðin. Team Suzuki þurfti að hætta snemma vegna meiðsla og náðu þar með ekki að blanda sér í skemmtilega barráttu.

Liðið úr Mosfellsbæ er skipað landsliðsmönnum Gunnlaugi Karlssyni 20 ára, Viktori Guðbergsyni 18 ára og fyrrverandi Íslandsmeistara og landsliðsmanni Einari Sverri Sigurðarsyni 36 ára.

Gunnlaugur og Viktor voru á dög-



Gunnlaugur Karlsson er mættur til Ítalíu.

unum valdir í landslið Íslands og eru nú staddir á Ítalíu þar sem þeir keppa um helgina. MotoMos á þar tvo landsliðsmenn af þremur.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Þarftu að breyta eða bæta, utandyrá sem innan?

Tökum að okkur nýsmíði, sérsníð, viðhaldsvinnu og endurbætur.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357

s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

Fékkstu endurskoðun?

Komdu með bílinn til okkar og við gerum hann klárann í skoðun



Bifreiðar & Tæki - Völuteig 11 - 270 Mosfellsbæ - 565 5333



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



... að Hallgerður '90 muni taka þátt í Wipeout á Stöð 2. Hún fer til Argentínu um helgina.

... að eftirtaldir aðilar taki þátt í spurningakeppni sveitarfélaganna, Útsvari, fyrir hönd Mosfellsbæjar: Kolfinna Baldvinsdóttir, Sigurjón M. Egilsson og Þórður Björn Sigurðsson.

... að Mosfellsbær keppi í Útsvarinu 28. nóvember á móti Kópavogi.

... að afreks golfarinn Maggi Lár eigi afmæli í dag.

...að verið sé að leggja lokahönd á sögu Aftureldingar sem mun bera titilinn „Dagrenningur, aldarsaga ungmenntafélagsins Aftureldingar“. Bókin er væntanleg á næstu vikum og verður án efa ein af jólabókunum í ár.

... að Guðbjörg og Valdi #270 hafi gift sig óvænt á dögnum um leið og þau skírðu nýfædda dóttur sína.

... að tvær fjölskyldur í Mosfellsbæ taki þátt í sjónvarpsþáttunum Skemmtigarðinum á SkjáEinum.

... að sumarið hafi verið uppþokað á Hótel Laxnesi í sumar. Nú hyggur Allí á stækkun og íhugar að stækka um tæplega 80 herbergi í viðbót.

... að Linda og Þórir hafi gift sig á dögnum í Lágafellskirkju.

... að Matti í íþróttahúsinu eigi afmæli í dag.

... að kannabíspöntur hafi fundist á dögnum við húsléit í Mosó.

... að fjöldi Spánarsnigla hafi fundist í Mosfellsbæ upp á síðkastið.

... að Beck's-réttirnar á Reykjum verði laugardaginn 17. október.

... Bjarki Már og Kolla hafi eignast stúlkuna á dögnum.

... að strákarnir í Hvíta Riddaranum hafi fært Hönnu Símu, liðstjóra og aðalsprautu félagsins, utanlandsferð á Liverpoolleik með þakklæti fyrir sumarið.

... að verið sé að manna nýtt meistaraflökksráð og þeirra fyrsta verk væntanlega að ráða nýja/n þjálfara.

... að Bob Gillan og Ztrandverðirnir séu komnir með Michael Jackson syrpu á programmið.

... að árlega hrútasýning sauðfjárræktarfélagssins fari fram á Kiðafelli í Kjós á sunnudaginn.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS



Nemendur í 3.-10. bekk í Lágafellsskóla tóku þátt í Norrænu skólahlaupi

Góð þátttaka í skólahlaupi

Nemendur í 3.-10. bekk í Lágafellsskóla tóku þátt í norræna skólahlaupinu 9. september á sama tíma og hlaupið fór fram á öllum hinum Norðurlöndunum. Frábær þátttaka var og stóðu nemendur sig mjög vel og hlupu alls 4122 km þennan dag. Keppni var á milli bekkja um hvaða bekkur hlýpi flesta kílómetra að meðaltali og urðu þrír bekkir 8. HKS, 7. AH og 5. RG jafnir efstir þar sem allir í þeim bekkjum hlupu 10 km.

Markmið hlaupsins var þó fyrst og fremst að fá sem flesta til að taka þátt og hafa gaman af og voru margir sigrar unnir þennan dag og nemendur jafnt sem starfsfólk skólans ótrúlega stoltir af árangrinum.



Sjálfbóðaliðar eru til staðar fyrir þá sem þurfa að halda

Heimsóknavinir Rauða krossins

Heimsóknavinur er sjálfbóðaliði sem heimsækir gestgjafa sinn á heimili þeirra eða stofnanir. Öll höfum við þörf fyrir félagsskap, nærveru og hlýju, en það er misjafnt hvort og hvernig við berum okkur eftir hjálpinni. Bæði aðstæður og upplag geta orðið til þess að fólk missir samband við umheiminn og einangrast. Einsemd getur orðið vítahringur sem erfitt er að rjúfa.

Tilgangur heimsóknarinnar er að vera til staðar fyrir þá sem áður hafa að halda, með það að markmiði að rjúfa einangrun og sýna vináttu.

Fyrirkomulag heimsóknarinnar og tíðni þeirra er samkomulag, en venjulega er miðað við einu sinni í viku. Margir kjósa að lesa saman, hlusta á tónlist eða útvarp, spila, tefla, fönndra eða tala saman. Aðrir fara í göngu- eða ökuferðir eða fara saman á kaffihús eða bíó.

Sjálfbóðaliðar sækja undirbúningsnámskeið hjá Rauða krossinum og eru bundnir trúnaði við þá sem þeir heimsækja. Næsta námskeið fyrir nýja heimsóknavini fer fram 5. október kl. 17:30-20:30 í Sjálfbóðamiðstöð Kjósarsýsludeildar Rauða krossins, Þverholti 7. Skráning fer fram á heimasíðunni www.raudikrossinn.is/kjos.



Í eldhúsinu



Jógúrtkökur

HJÁ JÓHÖNNU ÓSK



Að þessu sinni er uppskriftin frá Jóhannu Ósk Karlsdóttur, framkvæmdarstjóra ditto.is.

„Uppskriftina fékk ég hjá fyrrverandi samstarfskonu minni. Frábærar kökur með kaffinu og í afmæli.“

Jógúrtkökur. (muffins)

2½ bolli hveiti / 5 dl.

1½ bolli sykurl / 3 dl.

220 gr. smjörliki.

3 egg.

½ tsk salt.

½ tsk natron.

1 tsk vanilludropar.

1 dós kaffi- eða hnetujógúrt.

100 gr. rifid súkkulaði má minnka eða sleppa.

Hræra smjörliki og sykurl vel saman.

Bæta við eggjum, vanilludropum og

hræra aftur.

Blanda saman þurræfnum og bæta úti ásamt jógúrti og súkkulaði. Setja í muffinsform og baka á 190°C í ca. 20-30 mínútur.

Verði ykkur að góðu.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Ísak Máni fæddist 17. júlí 2009 og var 3555 g. og 50 cm. Hann á 3 ára systur sem heitir Viktoría Líf. Foreldrar: Lena Mist Skaptadóttir og Sigurður Helgason.

HLUTAVELTA



Gunnhildur Gígja Ingvadóttir og Þórunn Glódís Gunnarsdóttir söfnuðu dósum og færðu Rauða krossinum andvirðið - eða 2000 kr.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



ÖKUKENNSLA

AKSTURSMAT

Guðrún Sigurfinnsdóttir
löggiltur ökukennari frá KHÍ
GSM: 699-8115
utadaka@hive.is



FREKI EHF

NÝSMÍÐI VIÐHALD ENDURBÆTUR

gsm. 8213899 netfang. freki@internet.is

Rétt hjá JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497



Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

**Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu**

**Útvega öll
jarðefni**

VÖRUBILL Þ.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



BÓNUSVÍDEÓ

TILBOÐ



**Ein ný DVD +
TVÆR GAMLAR
= 450 KR**

BÓNUSVÍDEÓ

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 23. OKT
SKILAFRESTUR EFNIS 19. OKT

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvenær telst maður
orðinn Mosfellingur?



GARDAR: Eftir minnst 5 ára
sjálfboðavinnu fyrir Aftureldingu.



STEFANÍA P: Þegar maður er
búinn með Gaggó Mos.



GUNNAR: Þegar þú hefur
búið hér í 5 ár.



HJALTI ÚRSUS: Þegar þú ert
byrjaður æfa í Eldingu.



SARA: Þegar maður er búinn
að búa hér í 10 ár... hehe



KRISTJÁN: Um leið og maður
flytur í Mosfellsbæ.



Sigríðar menn




Mosó next top model



Í hár saman



Leibinn bleikur



Álið er málið




Tommi og Alfa í toppformi



Þúsund sinnum segðu já



Pepsi-piurnar



Sætar í sólsetri

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Golden girls




Fjör hjá Ragga Bjarna



Jakkaklæddir menn



Há Sve & Strandverðirnir



Offiserahjónin



Stinni

MOSFELLINGUR
er á...
facebook



Lífið í Leyni



Út á gólfið ekkert stress




Rauða ljónið



Dansað uppá dekki




Boltaball



Skötuþjúnin í Skelinni



**BUSARNIR Í FRAMHALDSSKÓLANUM
LÁTNIÐ GRÓÐURSETJA Á BRÚARLANDI**



Andrews and Einarsson



ĀSLĀKUR
er opin

**BOLTINN
Í BEINNI**

TILBOÐ Á BARNUM



EINN AF ÞESSUM GAURUM

Ég er orðinn einn af þessum gaurum. Veistu hvaða gaura ég er að tala um? Einn af þessum gaurum sem er alltaf að veiða. Hvort sem það er fiskur, fugl eða einhver bragðgóð landdýr. Einn af þessum gaurum sem á camo-föt sem eru ekki töff heldur líta út eins og sína. Einn af þessum gaurum sem er alltaf að segja veiðisögur, plana veiðiferðir og tala um hvað sú síðasta var mögnuð.

Eflaust finnst mörgum ég vera einn af þessum pirrandi gaurum og skilja bara ekki afhverju einhver nennir að eyða peningum og tíma í veiði. Þeysast útum hvíppinn og hvappinn endalaust. Hanga út í skurði í skítakulda og röltu heilu fjöllin til að elta lítinn fugl.

Mikið er ég feginn að vera einn af þessum gaurum. Mikið er ég feginn hvað ég á marga vini sem eru einir af þessum gaurum líka. Þegar ég fer að spá í það þá eru nú bara flestir vinir mínir þessir gaurar.

Þíddu ef að nánast allir vinir mínir eru þessir gaurar og ég elska að vera þessi gaur, hver ert þú þá? Ert þú þá ekki bara eitthvað skríttinn að vera ekki að lemja stöðu- og straumvatn með priki? Að dressa þig ekki upp í ljótt camo og labba alltof langt fyrir lítinn fugl?

Svei mér þá ég held það bara. Því ég skil ekki hvernig ekki hægt er að hafa gaman af því að veiða, vera í sambandi við náttúruna og njóta þess að búa á fallegasta og yndislegasta landi í heimi. Það má vel vera að við séum í skítum í buddunni akkurat núna en það tekur enginn frá okkur náttúruna og frelsið til þess að geta farið hvert á land sem er þegar við viljum. Ísland er málið.

Veiðislae



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óskum eftir íbúð til leigu

Fjöður manna fjölskylda með lítinn hund óskar eftir 3-4 herb. íbúð. Get borgað 125 þ. á mánuði. Margrét 861-8547.

Góðan daginn

Hlaupahjól fannst á götunni hjá Lágafellslaugarhringtorginu núna í haust. Hjólið er Barbie, bleikt barnahlaupahjól. Uppl. í síma 899-7299

Leighúsnaði óskast

Auglýsi eftir raðhúsi, parhúsi eða einbýli til langtímaleigu. Við erum 5 manna fjölskylda, reglusöm og reyklus, erum með lítinn hund. Ég er sjálf með 4 herbergja minni eign til leigu sem er staðsett rétt við Lágafellslaug. Uppl. í síma 821-3773

Þríhjól hvarf

Þríhjól að gerðinni Kettler hvarf frá Skeljatanga í sumar. Mig minnir að litirnir séu blár, rauður og gulur. Það er með bjöllu og vel með farið. Ef þið hafið séð það vinsamlegast hafið samband í s. 615-3938.

Óska eftir íbúð til leigu

Reglusamir leigjendur óska eftir 3ja herb. eða stærri íbúð á skólasvæði Lágafellsskóla. Vinsamlegast hafið samband í s. 822-5668.

Týnt hjól

Þann 29. ágúst sá 11 ára stelpa síðast hjólið sitt fyrir utan Flugubakka 2, í hesthúsahverfinu. Þetta er svart Trek hjól með hvítum og rauðum stöfum. Þess er sárt saknað. S. 866-7382, Katrín.

Óska eftir leiguíbúð

45 ára karlmaður óskar eftir stúdíóíbúð eða 2 herbergja íbúð í Mosó. Reglusamur og skilvísun greiðslum heitið. Sigurður uppl í síma 841-6996.

Óska eftir íbúð til leigu

Óskum eftir séreign til leigu Óskum eftir einbýlis-, par- eða raðhúsi til leigu með a.m.k. 4 svefnherbergjum og helst með bílskúr. Áhugasamir hafi samband í síma 821-2015.

Ódýr bíll óskast

Jónas s. 771-5760

Íbúð til leigu í Krikahverfi.

Björt og skemmtileg 3 herb, 75fm íbúð í sérþýli. Laus frá 1. nóv. Leiguverð 100 þús á mánuði, hiti innifalinn. Nánari upplýsingar í síma 897-8284.

Smáauglýsingar sendist á: mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



**ÖKUKENNSLA
LÁRUSAR**

GSM 694-7597 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bil, bifhjól eða skellinöðru!

Er með mótórhjólagermi, frábært fyrir byrjendur

Fáið tilboð, kenni allan daginn Annast einnig öku-mat og upprifun fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler löggiltur ökukennari

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

**VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ**

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ **660 6690**



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com





S: 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



LANGÞRÁÐUR DRAUMUR ORÐINN AÐ VERULEIKA

Mánudaginn 21. september var glæsileg nýbygging að Skálatúni vígð og hlaut húsið nafnið Vesturhlíð. Skálatúnsheimilið í Mosfellsbæ hefur verið heimili einstaklinga með þroskahömlun í meira en hálfa öld. Á dögunum fengu sjö heimilismenn afhenta lykla að nýjum íbúðum í Vesturhlíð þar sem reynir á hæfni þeirra til sjálfstæðrar búsetu. Á myndinni má sjá íbúana með lykla að íbúðunum en með þeim eru Ragnheiður Jónsdóttir sóknarprestur, Jónína G. Árnadóttir forstöðumaður hússins, Gunnar Þorláksson framkvæmdastjóri og Þengill Oddsson formaður stjórnar Skálatúnsheimilisins.


Mynd/Hilmar

Sá flottasti í bænum



Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

TILBOÐ



**EIN NÝ DVD +
TVÆR GAMLAR
= 450 KR**

BÓNUSVÍDEÓ



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á róleghum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnhólf og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verðnd og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á ódýri eign koma til greina.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór-býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð. **V. 19,8 m.**



Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi. Hagstætt verð.



Kvísartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvísartunga í Mosfellsbæ. Eignin er fullbúin að utan en rúmlega fókheld að utan. 80 fm. svalir.



Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórikrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Flottar innréttingar, stórar svalir og fallegt útsýni til Esju. Þetta er klassa eign. 3 rúmgóð svefnherbergi.



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Lágholt

Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við Lágholt. 4 svefnherbergi herbergi. Stór stofa sem er með arni og útgengi í fallegan garð. Rúmgott eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran sólpall. **V. 44,8 m.**



Skeljatangi

85 fm. 3ja. herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli við Skeljatanga. Parket á gólfum. Tvö góðsvefnherbergi. Góðar svalir í suður. Fallegur garður. Hagstætt verð. **V. 21,7 m.**



Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðum litlu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.



Þokkabakki - hesthús

Vel staðsett 70 fm. hesthús með 5 rúmgóðum tveggja hæða stíum fyrir samtals 10 hesta. Góður fôðurgangur, kaffistofa og hnakkageymsla. **V. 11,8 m.**